

Alþingi - Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 26. nóvember 2010  
Tilvísun: 2010110010/50.11  
Verknúmer: 1227030

## **Efni: Umsögn Orkustofnunar um tillögu til þingsályktunar um olíu- og gasrannsóknir á landgrunni Íslands undan Norðausturlandi, 71. mál**

Orkustofnun hefur borist erindi iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 19. nóvember 2010, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um tillögu til þingsályktunar um olíu- og gasrannsóknir á landgrunni Íslands undan Norðausturlandi, 71. mál.

Orkustofnun hefur þegar í gangi markvissar rannsóknir á því svæði sem fjallað er um í tillögunni. Stofnunin stóð nýverið að gerð og útgáfu á skýrslu eftir Bjarna Richter og Karl Gunnarsson hjá ÍSOR, þar sem farið er yfir þær rannsóknir sem þegar hafa verið gerðar á svæðinu og gerðar tillögur að því hvaða rannsóknir ætti að gera í framhaldinu. Skýrslan er skrifuð á ensku þannig að hún nýtist einnig olíuleitarfélögum, með ágripi á íslensku, og kom út í febrúar 2010. Skýrslan er aðgengileg slóðinni: <http://www.os.is/gogn/Skyrslur/ISOR-2010/ISOR-2010-007.pdf>

Eins og fram kemur í þingsályktunartillögunni og í áður nefndri skýrslu þá er ljóst að eitt af næstu skrefum til að staðfesta hvort olíugas sé að finna í setlögum úti fyrir Norðurlandi sé að safna kjörnum úr botnseti á völdum stöðum á svæðinu og gera mælingar á lífrænum gastegundum í slíkum sýnum. Í 3. kafla skýrslunnar eru lagðar fram tillögur að sjö sýnatökusvæðum. Flest þeirra eru í Skjálfanda, en eitt er í Eyjafjarðarálnum.

Ýmsar rannsóknir þarf að gera áður en að sýnasöfnun kemur, enda er mikilvægt að ákveða nákvæma staðsetningu á sýnatökustöðum. Hluti 3.1 í skýrslunni fjallar um þær rannsóknir sem þurfa að fara fram í aðdraganda sýnatöku, en þær beinast að því að vinna nánar úr fyrir­liggjandi gögnum til að kanna ummerki um uppstreymi gass úr botninum s.s.:

1. gera nákvæm kort af holum sem sjást á botninum í fjölgeisladyptar- og botnsjármælingum;
2. kanna myndir sem teknar hafa verið af botninum og athuga hvort sjáist holur í þeim;
3. fara yfir grunnar hljóðendurvarpsmælingar sem voru gerðar árin 2002 og 2003 m.t.t. hvort þar greinist endurkast frá gasi ofarlega í setinu eða gasuppstreymi í sjó;
4. kanna hvort holur, uppstreymi í seti eða uppstreymi í sjó greinist í botnsjárgögnum;
5. fara yfir frumgögn úr fjölgeisla­mælingum og athuga hvort greinist merki um gasuppstreymi í sjónum á þessum svæðum.

Samhliða þessari vinnu verða tekin saman öll þau gögn sem hefur verið safnað á svæðinu út af Norðurlandi og sett í gagnagrunn. Einnig er áætluð framhaldsvinna að þessum rannsóknum á næstu misserum og styrkir Orkustofnun meðal annars nema til meistaranáms við Háskóla Íslands, undir handleiðslu Bryndísar Brandsdóttur, sérfræðings við Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands, þar sem m.a. verður lokið við úrvinnslu á fjölgeisla- og hljóðendurvarpsmælingum sem safnað var á árunum 2000-2005 á landgrunni Norðurlands. Hluti af verkefninu er að kortleggja misgengi í setlögum Öxarfjarðar, Skjálfandadjúps og Skjálfandaflóa, sem hjálpar til við að velja væntanlega sýnatökustaði.


Í lok greinargerðar með þingsályktunartillögum er settur fram samanburður á Gammsvæðinu og Drekasvæðinu hvað snertir aðstæður og líkurnar á því að þar megi finna kolvetni, og þar með hvernig muni ganga að laða olíuleitarfyrirtæki til samstarfs um frekari rannsóknir og olíuleit á þessum svæðum. Orkustofnun getur ekki tekið undir það með flutningsmönnum að Drekasvæðið fari halloka í þeim samanburði, og hefur fyrir því álit innlendra og erlendra vísindamanna og álit fulltrúa nokkurra olíuleitarfyrirtækja, að Drekasvæðið sé alla vega eins og stendur það svæði sem vænlegra sé að skoða á undan. Eins og fram kemur hér að ofan þýðir það þó ekki, að Gammsvæðinu sé ekki eða verði ekki sinnt. Orkustofnun telur því að eðlilegt jafnvægi ríki sem stendur í áherslum milli þessara tveggja svæða. Einnig er bent á það í greinargerðinni að olíuslysið í Mexíkóflóa hafi áhrif á áhuga á veitingu rannsóknarleyfa á Drekasvæðinu. Orkustofnun vísar til þess að olíuslysið hefur ekki haft áhrif á boranir á miklu dýpi í öðrum norðlægum löndum, s.s. í Noregi, Færeyjum, Grænlandi og Kanada, en vissulega hefur árvekni aukist og öryggiskröfur verða endurmetnar þegar niðurstöður opinberrar rannsóknarnefndar í Bandaríkjunum liggja fyrir vorið 2011.

Framhald rannsókna á landgrunni Íslands undir Norðausturlandi mun ráðast af þeim undirbúningsrannsóknum sem hér er lýst að framan og að sjálfsögðu af því fjármagni sem til ráðstöfunar verður á næstu misserum til þessa verkefnis. Áætlaður kostnaður við næsta áfanga í rannsóknum og sýnatöku á Gammsvæðinu er um 13 milljónir kr., sem er ekki innan ramma fjárlagaliða Orkustofnunar fyrir árið 2011.

Að öðru leyti gerir Orkustofnun ekki frekari athugasemdir við umrædda tillögu til þingsályktunar að svo stöddu.

Virðingarfyllst,  
f. h. orkumálastjóra

  
Lárus Ólafsson  
yfirlögfræðingur

  
Þórarinn Sveinn Arnarson  
verkefnisstjóri - olíuleit